

# Stofnanasamningur

Samstarfsnefnd Bandalags háskólamanna annars vegar og Heilbrigðisstofnunin, Ísafjarðarbæ hins vegar gera með sér stofnanasamning um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum 7 greinar í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

## 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í bandalagi háskólamanna sem eru í starfi hjá Heilbrigðisstofnuninni, Ísafjarðarbæ.

## 2. Markmið

Samstarfsnefndin er sammála um eftirfarandi markmið með breyttu launakerfi:

- a. Að launakerfið sé sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- b. Að HSÍ verði eftirsóknarverður og öruggur vinnustaður sem hefur á að skipa hæfu starfsfólki með góða þekkingu og faglegan metnað.
- c. Að endurmenntun og símenntun sé eðlileg krafa sem stofnunin gerir til starfsfólks.
- d. Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og til aukinna afkasta.
- e. Að jafna launamun kynjanna.
- f. Að stefnt verði að því að tekið verði upp reglubundið frammistöðumat með starfsmannaviðtölum.

## 3. Lámarsröðun

Eftirfarandi er lámarksröðun starfa. Lámarsröðun skv. þessu samkomulagi miðast við þær aðstæður sem ríkja á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ og þær kröfur sem gerðar eru til þess starfsfólks sem samningurinn nær til.

Við röðunina er miðast við launatöflu sem gildir frá 1 maí 2006

Lfl. 2: 90 eininga nám. - fyrstu 3 mánuðir í starfi

Lfl. 3: 120 eininga nám. -fyrstu 3 mánuðir í starfi

Lfl. 4: 90 eininga nám, 3 mánaða - 2ja ára starfsreynsla

Lfl. 5: 120 eininga nám, 3 mánaða - 2ja ára starfsreynsla

Lfl. 6: 90 eininga nám - eftir 2 ár í starfi

Lfl. 7: 120 eininga nám - eftir 2 ár í starfi

Lfl. 9: Aðstoðardeildarstjórar

Lfl. 10: Ljósmæður

Lfl. 11: Deildarstjórar

Lfl. 12: Deildarstjóri ljósmæður

#### 4. Mat á einstökum þáttum

##### 4.1. Menntun

Við grunnröðun þeirra starfa sem krafist er formlegs framhaldsnáms til skal taka tillit til þeirrar kröfu við grunnröðun starfsins

##### 4.1.1. Heimilt er að hækka þann sem lokið hefur

viðbótarnámi/framhaldsnámi, sem nýtist í því starfi sem hann sinnir á eftirfarandi hátt:

- a. diplómanám um 5%
- b. MS próf um 7,5%
- c. Doktorspróf um 10%
- d. Viðbótarnám í stjórnun hjá stjórnendum um 5%

##### 4.1.2. Heimilt er að hækka þann sem hefur lokið námi/námskeiðum sem nýtist í starfi um:

- a. 2,5% sé viðbótarnámið metið til jafngildis 4 eininga
- b. 5% sé viðbótarnámið metið til jafngildis 12 eininga
- c. 7,5% sé viðbótarnámið metið til jafngildis 20 eininga

Ein eining er 12 kennslustundir eða 1 vika samfelld. Einingis skulu metin samfelld námskeið eða námskeiðshlutar sem teljast  $\frac{1}{2}$  eining, hið minnsta 6 klukkustundir.

Deildarstjórar skrifa upp á beiðnir um námskeið og hafa til hliðsjónar fjárhagsáætlun, gildi námskeiðs fyrir stofnunina og stöðu í endurmenntun viðkomandi starfsmanns.

#### 4.2. Starfsreynsla

Við 5 ára starfsreynslu hækkar starfsmaður um 2,5%

Við 10 ára starfsreynslu hækkar starfsmaður um önnur 2,5%

Við 15 ára starfsreynslu hækkar starfsmaður um önnur 2,5%

#### 4.3. Starfsaldur á Heilbrigðisstofnuninni, Ísafjarðarbæ

Við 10 ára starfsaldur á HSI hækkar starfsmaður um 2,5%

Við 20 ára starfsaldur á HSI hækkar starfsmaður um önnur 2,5%

#### 4.4. Sérákvæði fyrir deildarstjóra

Deildarstjórar fá fast álag fyrir ýmsa aukavinnu sem fylgir starfinu, svo sem skýrslugerð, fungarsetur ofl. Miðað er við 100% starf og síðan hlutfallslega eftir starfshlutfalli

Deildarstjórar á legudeildum fá 36 tíma í yfirvinnu á mánuði

Deildarstjórar á öðrum deildum fá 20 tíma í yfirvinnu á mánuði

#### 4.5. Persónuleg umbun

Heimilt er að umbuna starfsfólki sem hefur sýnt fram á stundvísi, sjálfstæði, samstarfshæfni, sveigjanleika og góða mætingu í starfi sínu og nemur hækkunin 2,5%.

Einnig er heimilt að umbuna starfsfólki sem sinnir gæsluvöktum/bakvöktum, er í einmenningsstöðu og sinnir fleiri stöðum/störfum og nemur hækkunin 2,5%.

#### 4.6. Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. grein 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkarar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggist á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.

##### 4.6.1. Umbun vegna manneklu

Heimilt er að greiða umbun vegna manneklu ef að mannaður er undir 75% af stöðugildum og hækka þá starfsmenn um 2,5% meðan það ástand varir.

#### 4.6.2 Umbun vegnar sérverkefnis

Heimilt er að greiða umbun vegna sérverkefna, s.s. leiðbeininga/kennslu nema, fyrir nefndarstörf, bæklingaskrif og greinaskrif og hækka þá starfsmenn um 2,5% meðan á því stendur

4.7. Aðrar greiðslur, s.s. föst yfirvinna sjúkráþjálfara og iðjuþjálfara helst óbreytt út samningstímann, eða 20 yfirvinnutímar á mánuði. Einnig helst óbreytt ákvæði um álag vegna samtengdra deilda hjúkrunarfræðinga en þar segir að hjúkrunarfræðingar sem starfa einir á vakt með samtengdar deildir (bráðadeild og öldrunardeild) fá greiddar 2 klst fyrir hverja morgunvakt og kvöldvakt sem unnin er með þessum hætti og 1 klst fyrir hverja næturvakt. Séu tveir hjúkrunarfræðingar á vakt fá þeir sitt hvorn klukkutímann. Þetta á ekki við um morgunvaktina á virkum dögum. Í þessu felst einnig að hjúkrunarfræðingar sinni slysadeild, fæðingardeild, líkhúsi, fylgist með öryggiskerfi hússins og öðru tilfallandi.

#### 5. Gildistími

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Bandalags hákólamanna.

#### 6. Gildistaka

Samningur þessi tekur gildi frá 1. maí 2006

Ísafirði, 24 mars 2006

F.h. Heilbrigðisstofnunarinnar,  
Ísafjarðarbæ

F.h. Samstarfsnefndar  
bandalags hákólamanna  
Heilbrigðisstofnuninni,  
Ísafjarðarbæ